

Tillaga Garðabæjarlistans um stofnun Sköpunarmiðstöðvar (Menningarhús)
Flutningsmaður: Valborg Ösp Árnadóttir Warén

Garðabæjarlistinn leggur til að komið verði á fót Sköpunarmiðstöð eða Menningarhúsi. Garðabæjarlistinn gerir það að tillögu sinni að nú við vinnu fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár verði gert ráð fyrir fjármagni svo að hægt verði að hefja undirbúning fyrir byggingu húsnæðis undir starfseminum og á meðan verði fundin viðunandi aðstaða hið fyrsta.

Garðabær á að vera lifandi bær þar sem hugvit fær að blómstra og því er nauðsynlegt að viðunandi aðstaða sé í bænum þar sem ungt fólk sem og aðrir geti nýtt sér til að sinna ný – og listsköpun.

Garðabæjarlistinn leggur til að Íþrótt- og tómstundaráð, ásamt menningarnefnd móti hugmyndir að sköpunarmiðstöðinni og njóti til þess fulltingis Ungmennaráðs Garðabæjar.

Greinagerð.

Fjölbreyttir valkostir í tómstundastarfi ýta undir velliðan. Til þess að sem flestir finni áhugamál við sitt hæfi er nauðsynlegt að koma á fót miðstöð eða aðstöðu fyrir list og nýsköpun hér í bæjarfélaginu.